



ÁRSSKÝRSLA 2025

Starfstímabil 1. júní 2024. - 31. maí 2025
Lögð fram á aðalfundi félagsins 29. september 2025




YFIRLIT

STJÓRN 2024-2025	4
ALMENNT	5
SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA	8
SAMSTARFSVERKEFNI BREIÐABLIKS, GERPLU OG HK	8
BIÐLISTI OG FIMLEIKASALURINN	9
AÐBÚNAÐUR OG ÁHÖLD	10
MÁTTARSTÓLPAR OG SJÁLFBODALIÐAR	10
VORSÝNING GERPLU	10
UPPSKERUHÁTÍÐ GERPLU	11
UPPSKERUHÁTÍÐ ÍTK	17
SKÝRSLUR DEILDASTJÓRA	18
ÁHALDADEILD KVENNA	18
ÁHALDADEILD KARLA	21
HÓPFIMLEIKAR KVENNA	23
HÓPFIMLEIKADEILD KARLA	25
FIMLEIKADEILD KARLA OG KVENNA	27
ÁLMEÐN DEILD	28
MÓT, VIÐBURÐIR, ÁRANGUR	30
HAUSTMÓT FRJÁLSAR, 1.-3. ÞREP	31
HAUSTLEIKAR SPECIAL OL	36
ÞREPAMÓT I – ÞREP 5.-4. ÞREP	37
ÞREPAMÓT – ÞREP 1. –3. ÞREP	37
ÞREPAMÓT II – ÞREP 5.-4. ÞREP	40
BIKARMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM	41



ÍSLANDSMÓT Í ÞREPUM.....	43
ÍSLANDSMÓT Í FRJÁLSUM ÆFINGUM.....	43
ÍSLANDSLEIKAR SPECIAL OLYMPICS.....	44
ÞREPAMÓT III – ÞREP 5.-4. ÞREP	45
VORMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM	46
MÓTARÖÐ 1	49
HAUSTMÓT Í STÖKKFIMI - YNGRI.....	49
HAUSTMÓT Í STÖKKFIMI - ELDRI	49
HAUSTMÓT ELDRI – HÓPFIMLEIKAR.....	49
GK MÓT Í HÓPFIMLEIKUM - ALLIR FLOKKAR	49
GK MÓT Í STÖKKFIMI - ELDRI.....	50
MÓTARÖÐ 2	50
BIKARMÓT Í STÖKKFIMI	50
BIKARMÓT Í HÓPFIMLEIKUM	50
MÓTARÖÐ 3	51
VORMÓT Í HÓPFIMLEIKUM	51
VORMÓT Í STÖKKFIMI.....	51
NORÐUR EVRÓPUMÓT	51
HEIMSBIKARMÓT Í SZOMBATHELY	52
SPECIAL OL – INTERNATIONAL FRIENDSHIP COMPETITION LORENSKOG & STABEKK	53
MALARCUPEN Í ÁHALDAFIMLEIKUM	53
ICELAND CLASSIC INTERNATIONAL.....	54
NORÐURLANDAMÓT UNGLINGA Í ÁHALDAFIMLEIKUM	54
NORÐURLANDAMÓT DRENGJA Í ÁHALDAFIMLEIKUM	55



HEIMSBÍKARMÓT Í VARNA	56
HEIMSBÍKARMÓT Í TASHKENT	57
EVROPUMÓT Í HÓPFIMLEIKUM - AZERBAIJAN	57
STARFSMENN GERPLU 2024-2025	58




STJÓRN 2024-2025



Ragnheiður M. Ólafsdóttir
Formaður



**Marta Kristín
Sigurjónsdóttir**
Varaformaður



**Davíð Stefán
Guðmundsson**
Meðstjórnandi



Jóna Björg Jónsdóttir
Meðstjórnandi



**Hreggviður
Símónarson**
Meðstjórnandi




**Stefán Guðni
Stefánsson**
Meðstjórnandi



Sif Pálsdóttir
Ritari



Olga Bjarnadóttir
Framkvæmdastjóri



**Ragnar Magnús
Þorsteinsson**
Fjármálastjóri

Á tímabilinu voru 8 bókaðir fundir haldnir í stjórn félagsins. Auk þeirra voru haldnir óformlegir fundir um einstök málefni. Sjö fulltrúar eru kjörnir í stjórn á aðalfundi félagsins. Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri sátu alla fundi stjórnar.

Stjórn félagsins var skipuð eftirfarandi aðilum: Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, formaður, Marta Kristín Sigurjónsdóttir, varaformaður, Jóna Björg Jónsdóttir, Davíð Stefán Guðmundsson, Sif Pálsdóttir, ritari, Stefán Guðni Stefánsson og Hreggviður Símónarson meðstjórnendur. Við þökkum stjórn fyrir vel unnin störf í þágu Gerplu.

Hjá félaginu voru starfandi rúmlega 120 þjálfarar ásamt starfsfólki í afgreiðslu og á skrifstofu. Olga Bjarnadóttir er framkvæmdastjóri félagsins. Fjármálastjóri er Ragnar Magnús Þorsteinsson.




ALMENNT

Gerpla stóð fyrir mjög fjölbreyttri starfsemi á tímabilinu en iðkendur voru rúmlega 2.500 talsins. Þar af voru rúmlega 2.000 virkir iðkendur sem æfðu allt starfstímabilið hjá félaginu. Sumir nýta sér einungis sumarnámskeið og aðrir vetraræfingar en meirihluti iðkenda sækir æfingar allt árið um kring.

Starfsárið hófst með sumaræfingum eftir vel heppnaða afmælisvorsýningu og fjölda sumarnámskeiða. Sumarnámskeiðin 2024 voru virkilega vel sótt en ákveðin tímabil eru alltaf vinsælust og komust þá færri að en vildu á flest okkar námskeið. Það var nokkur fjölgun frá sumrinu 2023 eða um tæplega 15%. Sumarið á undan var 10% fjölgun svo eitthvað erum við að gera rétt. Það voru 970 börn sem sóttu ýmist fimleika- og íþróttafjör og eða parkournámskeið.



Sumarið var annasamt þar sem skipt var um gryfjudýnu fyrir aftan stóru trampólínin í Versölum. Það fór fram um hásumar en það var fámennur og góðmennur hópur sem fjarlægði gryfjunna með allskonar aðferðum en þegar ný dýna var sett í var góður hópur sjálfboðaliða sem mætti og aðstoðaði. Bestu þakkir til sjálfboðaliðanna sem mættu og aðstoðuðu okkur. Ágústmánudur fór í undirbúning fyrir haustönn með mannaráðningum og skipulagsvinnu hópa, stundatöflugerð ásamt öllum hinum verkefnunum sem dynja á okkar frábæra starfsfólki. Starfsdagur Gerplu var 20.ágúst þar sem tekið var til í fimleikasölunum og áhöldin sett á sinn stað fyrir tímabilið. Kristín Birna Ólafsdóttir sérfræðingur á Afrekssviði ÍSÍ og Diploma í Safeguarding frá Alþjóða Ólympíusambandinu hélt fyrirlestur um Safeguarding í íþróttum. Fræðsludagur Fimleikasambandsins var svo haldinn 14.september og fjölmennti Gerplufólk í pílu og þythokki eftir daginn og var mjög góð þátttaka. Mótahald



haustannar gekk svo mjög vel fyrir sig. Starfsmenn Gerplu fóru í rútuferð á jólahlaðborð á Rauða Húsið á Eyrarbakka en það tókst virkilega vel til. Nýtt ár hófst af krafti með uppskeruhátíðum hér og þar, þar sem Gerplufólk var fyrirferðarmikið. Er vert að nefna að Thelma Aðalsteinsdóttir varð fjórfaldur Norður-Evrópumeistari fyrst Íslenskra kvenna. Thelma var kosin Íþróttakona Kópavogs mjög verðskuldað sem og íþróttakona UMSK.




Frábært fimleikaár að baki hjá Thelmu sem hefur svo sannarlega sýnt og sannað að hún er íþróttakona í fremstu röð. Starfsdagur á vorönn var haldinn 3.janúar 2025. Sá dagur var með eitt verkefni en það var að setja upp nýtt áhaldagólf í Versölum. Gólfið hefur verið til mikilla vandræða síðustu árin og endurnýjun planka og plasta mjög tíð með tilheyrandi kostnaði. Gólfið var komið á tíma og

var það mjög kærkomið þegar Kópavogsbær gaf grænt ljós á nýtt áhaldagólf. Mótahald og mótaþátttaka vorannar hófst svo af krafti í lok janúar og var alveg fram á sumar.



Mikill og góður árangur náðist á vorönn og margir titlar í hús þvert á deildir og aldur. Kári Pálmason fagnaði þreföldum Norðurlandameistararitli og Rakel Sara Pétursdóttir varð Norðurlandameistari á stökki. Vert er að nefna að Hildur Maja Guðmundsdóttir gerði sér lítið fyrir og vann til fyrstu verðlauna Íslands á heimsbikarmóti í kvennaflokki en hún fékk silfur fyrir gólfæfingar á heimsbikarmótinu í Uzbekistan 23. júní 2025.



Gerpla tók þátt í að halda Kópavogsblótið í fimmta sinn og tókst vel til. Mikil vinna fylgir að halda svona stórt þorablót og var þetta í fyrsta skipti sem blótið var haldið með ásættanlegum hagnaði ef horft er framhjá vinnuframlagi. Iceland Classic er vinamót sem búið er að festa sig í sessi hjá okkur í Gerplu. Mótið var haldið dagana 28.febrúar.-2.mars í góðu samstarfi við okkar aðal styrktaraðila GK Ísland. Mótið var mjög vel sótt og náðist að manna ákveðna hluta með löglegu dómaragengi svo keppendur gátu náð þrepi. Í fyrsta sinn héldum við Iceland Classic International og komu gestir frá Slóveníu og kepptu við íslenska keppendur og voru fleiri þjóðir sem sýndu áhuga og koma þá vonandi á næsta ári. Annars var metþátttaka á mótinu og var allt utanumhald og skipulag í höndum Auðar Ólafsdóttur.

Ákveðið var að ráðast í endurbætur á eldhúsinu í húsakynnum Gerplu á annarri hæð í Versölum. Eldhúsið var upprunalegt frá opnun hússins 2005 og var komið til ára sinna eftir góða nýtingu síðastliðin ár. Skipt var um gólfefni en á gólfinu var steinteppe eins og á neðri hæðinni. Steinteppin eru erfið í þrifum og festast óhreinindi auðveldlega á gólfinu með tilheyrandi ólykt. Nýr dúkur var settur á eldhúsið og alrýmið á annarri hæð af sömu gerð og sett var á gólfið í anddyri Gerplu á jarðhæð. Eldhúsið fékk heilmikla upplýftingu, ný eldurnartæki, iðnaðarvask og tvöfaldan ísskáp ásamt því að rennihurð var sett fyrir eldhúsið til að eiga möguleikann á að loka af þegar haldnir eru viðburðir í veislusalnum.





Vorsýning Gerplu var á sínum stað við mikinn fögnuð viðstaddra og er aldrei of oft sagt hvað þessi sýning er stórkostleg ár hvert þar sem iðkendur og starfsfólk Gerplu sameinast í einu risa verkefni sem er sannkölluð fjölskylduskemmtun. Ljósameistari var Vikar Máni Þórsson og sýningarstjórar voru þær Sif Pálsdóttir og Bára Björt Stefánsdóttir.

Í ár eru sjö ár síðan að hópfirmleikadeild Gerplu flutti æfingar sínar uppí íþróttahús Vatnsendaskóla. Parkour fylgdi þangað í kjölfarið og undanfarin ár hafa tveir til þrír kríla- og eða bangsahópar verið með æfingar þar til að mæta mikilli eftirspurn. Það eru allir sammála því að Vatnsendahúsið er mjög gott kennsluhús með góðri hljóðvist og notalegu andrúmslofti. Þó svo Vatnsendi sé gott kennsluhús er ekki gert ráð fyrir neinu plássi fyrir iðkendur eða þjálfara utan æfinga. Eins er skortur á plássi fyrir dansæfingar og þurfa hópar enn að sækja dansæfingar í Versali sökum þess. Það eru tækifæri til að mæta stækkandi byggð í Vatnsenda að stækka þetta hús til æfinga. Hæpið að þarna verði nokkur tíma keppnisaðstaða en starfsfólk og sjálfboðaliðar Gerplu þurfa að flytja áhöld fyrir hópfirmleikamót í keppnishæft húsnaði í hvert skipti sem Gerpla heldur hópfirmleikamót. Því fylgir mikill kostnaður bæði vegna flutninga og skemmda á dýrum áhöldum. Það er mikil ásókn í félagið og er mikilvægt að huga að bættri félagsaðstöðu fyrir iðkendur, foreldra og ekki síst þjálfara. Eins eru geymslurými af skorum skammti, ekkert sjúkrarými er til staðar í Versölum og lyftingaraðstaða og rými fyrir yngri iðkendur er ábótavant.

SAMSTARF VIÐ LEIKSKÓLA

Samstarf Gerplu við leikskólann Fífusali hélt áfram. Kosturinn við þetta samstarf er að börnin ná að klára sína dagskrá á leikskólatíma, íþróttasalurinn er nýttur en annars væri hann tómur á þessum tíma dags og starfsmenn í fullu starfi ná að byrja fyrr á daginn og ljúka vinnudegi fyrr. Helsti gallinn við þetta fyrirkomulag er að foreldrar þessara iðkenda eiga í litlum samskiptum við félagið og koma nær aldrei inn í íþróttahúsið nema kannski einu sinni á önn þegar Garpamótið fer fram.

SAMSTARFSVERKEFNI BREIÐABLIKS, GERPLU OG HK

Stóru íþróttafélögin í Kópavogi Breiðablik, Gerpla og HK hafa átt ötult og gott samstarf á liðnu tímabili. Frístundavagninn var á sínum stað en þetta var sjötta árið þar sem félögin



starfræktu frístundabíl í samstarfi við Kópavogsbæ. Það var fyrirtækið Trex sem sá um aksturinn og Elva Björg okkar Gunnarsdóttir var starfsmaður í rauða bílnum. Áhersla er lögð á að frístundavagninn þjóni fyrst og fremst nemendum 1.- 4.bekkjar en öllum er heimilt að nota bílinn svo lengi sem það er laust pláss. Með tilkomu frístundabíla ná íþróttafélögin að nýta íþróttamannvirki Kópavogsbæjar betur með því að hefja æfingar strax að loknum skóla. Frístundavagninn er forsenda þess að börnin geti klárað skóladaginn sinn fyrir klukkan 17:00 á daginn og að íþróttamannvirkin séu sem best nýtt. Kostnaður við frístundabílinn er það mikill að félögin hafa oft leitt hugann að því að hætta þessari þjónustu. Með tilkomu gjalds fyrir notendur hefur kostnaður minnkað örlítið en er í raun dropi í hafið í stóra samhenginu. Það er von á að Kópavogsbær komi sterkar inn í verkefnið næsta haust með auka fjárframlagi. Keyrt var á mánudögum til fimmtudaga eins og veturinn á undan og er ástæðan fyrir því er eingöngu samdráttur á þjónustu til að koma til móts við hækkandi kostnað.



Afreksbraut MK hefur verið starfrækt síðan haustið 2019. Afreksbrautin er starfsrækt í samstarfi við Gerplu, Breiðablik, HK og fleiri íþróttafélög. Afreksbrautin hefur vaxið og dafnað frá upphafi og er gaman að segja frá því að MK er einn af eftirsóttustu framhaldsskólum landsins. Það voru 10 nemendur í fimleikum vorið 2025 og stefnir í fjölgun með haustinu sem er jákvætt. Kristinn Þór Guðlaugsson hefur tekið verkefnið að sér þar sem iðkendur koma úr hópfinleikum.

Þorablót íþróttafélaganna var á dagskrá á bóndadaginn og var haldið í Fífunni. Miðasalan gekk ekki sem skildi þar sem miðasölukerfið var ranglega uppsett og datt það út á mesta álagstímanum. Þannig datt þunginn úr miðasölunni og varð ekki uppselt fyrr en rétt um miðjan janúar. Blótið tókst vel til og voru gestir ánægðir að vanda. Við þökkum gott samstarf við CCEP, Múlakaffi, Exton sem og sjálfboðaliðum og öllum þeim sem komu að blótinu með okkur þökkum við kærlega fyrir frábæra vinnu. Ekki er stefnt á Þorablót í janúar 2026.

BIÐLISTI OG FIMLEIKASALURINN

Biðlisti Gerplu er breyttur frá árum áður þegar félagið æfði í einu húsi. Nú kemur félagið flestum að sem vilja æfa en stærsta hindrunin er þjálfaraskortur á vinsælustu tímasetningunum og þá verða hóparnir oft fullir. Við höfum reynt að bæta við mannskap en



Það reynist oft erfitt þar sem vinsælustu tímarnir eru frá 15:00-17:00 á daginn og þjálfarar sem oft eru námsmenn í framhalds- og eða háskóla eru oft ekki búin í skólanum á þessum tíma. Enn er biðlisti í krílin hjá þessum minnstu á sunnudögum sem og í bangsana. Það er lítið sem við getum gert í því þar sem stærð húsnæðis er takmarkandi þáttur.

AÐBÚNAÐUR OG ÁHÖLD

Það var mikið fagnaðarefni þegar nýtt áhaldagólf var sett upp í Versölum í janúar 2025. Notkunin er mikil og slitið eftir því og er ekki að hjálpa til að nemendur í íþróttum grunnskóla nota gólfið líka og er þá fjöldinn á gólfinu oft mikill í einu og lítil virðing borin fyrir þessum dýru áhöldum. Mikið utanumhald er í kringum viðhald áhalda en mikilvægt er að fylgjast náið með slitum á áhöldum sökum álags og notkunar. Viktor Kristmannsson hefur verið okkar lykilmáður í að passa uppá öryggið í salnum, yfirfara festingar og annað slit. Kópavogsbær kemur að endurnýjun áhalda en notkun á áhöldunum í Gerplu eru með því mesta sem finnst í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Gryfjan fyrir aftan stóru trampólínin í Versölum var orðin mjög slitin og fékk athugasemdir heilbrigðiseftirlits en hún var endurnýjuð síðasta sumar. Mjög mikilvægt er að fylgjast vel með áhöldunum til að öryggi iðkenda sé tryggt.

MÁTTARSTÓLPAR OG SJÁLFBODALIÐAR

Máttarstólpur er hagsmunafélag meistaraflokka í félaginu sem hélt utan um sjoppuna á mótum í umsjón Gerplu á tímabilinu eins og undanfarin ár. Það gekk það vel en vinnan er á fáum höndum en sem betur fer hefur aðeins fjölgað í hópunum í vetur. Fjáröflunarnefnd var á höndum Stefaníu Reynisdóttur sem stýrði henni með glæsibrag. Þetta óeigingjarna starf ber að þakka og er aldrei nóg af sjálfbodaliðum að störfum sem gerir það að verkum að vinnan er á fáum höndum. Við vonum að enn fleiri bætist í hópinn í vetur.

VORSÝNING GERPLU

Vorsýning Gerplu vorið 2025 bar heitið Í takt við tímann. Sýningin var hin glæsilegasta en það voru reynslumiklar konur sem voru sýningarstjórar að þessu sinni þær Sif Pálsdóttir og Bára Björt Stefánsdóttir. Vikar Máni Þórsson sá um ljós og hljóð eins og hann hefur gert



mörg undanfarin ár og fórst það mjög vel úr hendi. Sýningin tókst mjög vel í alla staði og stýttist í að undirbúningur fyrir næstu sýningu hefjist.



UPPSKERUHÁTIÐ GERPLU

Uppskeruhátið Gerplu var haldin hátíðleg laugardaginn 18. janúar í veislusal félagsins. Mikill og góður árangur náðist á árinu 2024 og voru iðkendur, þjálfarar og sjálfboðaliðar heiðraðir, ásamt því að Sólveig framkvæmdarstjóri Fimleikasambandsins veitti starfsmerki FSÍ.

Afreksbikar í áhaldafimleikum kvenna hlaut Thelma Aðalsteinsdóttir. Thelma átti sitt besta fimleikaár á sínum ferli og standa Norður-Evrópumeistaratitlar á öllum áhöldum og annað sæti í fjölþraut uppúr. Þetta er frábært afrek sem aldrei hefur verið gert áður. Hún er Íslandsmeistari í fjölþraut, stökki, slá og gólfi. Thelma keppti á tveim heimsbikarmótum í vor, þar sem hún gerði sér lítið fyrir og komst í úrslit á stökki, slá og gólfi.

Afreksbikar í áhaldafimleikum karla fékk Valgarð Reinhardsson. Hann er okkar fremsti fimleikamaður í karlaflokki undanfarin ár. Hann varð Íslandsmeistari í fjölþraut. Á



Norðurlandamótinu var hann grátlega nálægt verðlaunapalli í fjölþraut þar sem hann varð í 4. sæti eingöngu 0.400 stigum frá þriðja sætinu. Hann komst í úrslit á fimm áhöldum og gerði sér lítið fyrir og varð Norðurlandameistari á gólfi ásamt því að vinna til silfurverðlauna fyrir æfingar sínar á svifrá og bronsverðlaun fyrir æfingar sínar á tvíslá. Valgarð og liðið hans unnu söguleg bronsverðlaun í liðakeppninni, var þetta í fyrsta skipti sem Ísland hefur náð á pall á norðurlandamóti. Frábær uppskera á Norðurlandamótinu hjá Valgarð. Hann keppti einnig mjög vel á Evrópumótinu á Ítalíu í apríl. Hann var hluti af feikna sterku liði Íslands á Evrópumótinu þar sem liðið varð í 19. sæti sem er þeirra besti árangur til þessa. Frábært ár að baki hjá honum.

Í hópfirmleikadeild fékk Andrea Hansen, Bryndís Guðnadóttir og Guðrún Edda Sigurðardóttir afreksbikarinn. Stelpurnar voru hluti af kvennalandsliði Íslands í hópfirmleikum á Evrópumótinu í Baku í október á síðasta ári. Þar varð Íslenska landsliðið Evrópumeistari með nokkuð öruggum hætti. Andrea, Bryndís og Guðrún Edda roru mikilvægir liðsmenn fyrir liðið, þar sem þær voru framúrskarandi í dansinum sem liðið vann á mótinu, liðið vann einnig dýnu.

Hvatningabikarinn hlaut Lilja Katrín Gunnarsdóttir. Hún hefur tekið miklum framförum á stuttum tíma og er virkilega gaman að fylgjast með henni blómstra í greininni. Síðasta keppnistímabil hjá Lilju var hennar fyrsta í fullorðinsflokki og á sínu fyrsta ári varð hún í fjórða sæti í fjölþraut á Íslandsmótinu og bikarmeistari með liði sínu. Hún var síðan valin í kvennalandslið Íslands í öll verkefni landsliðins árið 2024. Hún keppti á Norðurlandamótinu í Osló, þar sem hún varð Norðurlandameistari í liðakeppni, varð í tíunda sæti í fjölþraut og var varamaður inn í úrslit á tvíslá. Hún keppti einnig á sínu fyrsta Evrópumóti í áhaldafimleikum á Ítalíu á vormánuðum. Hún keppti síðan á Norður Evrópumótinu í Dublin í september þar sem kvennaliðið varð í þriðja sæti í fjölþraut. Lilja Katrín er enn ung að árum og á hraðri uppleið í áhaldafimleikum, hún er frábær fyrirmynd fyrir ungar fimleikastúlkur í landinu.

Hvatningabikar karla hlaut Ágúst Ingi Davíðsson. Ágúst keppti með landsliðinu á norðurlandamóti í Osló þar sem þeir unnu til söguleg bronsverðlauna. Hann tók einnig þátt á heimsbikarmóti í Ungverjalandi þar sem hann náði fjórða besta árangri á gólfi og tryggði sér þar með öruggt sæti í úrslitunum. Þar framkvæmdi hann svo frábærar æfingar sem skilaði honum fjórða sæti. Hann er búinn að bæta sig mikið og er hvergi nær hættur og verður spennandi að sjá hversu langt hann kemst.



Hvatningarbikar Gerplu í Hópfimleikum fá stelpurnar sem lentu í 2. sæti á norðurlandamóti unglunga 2024. Þær náðu miklum framförum á árinu og heldur betur toppuðu sig á réttum tíma og komu á óvart þegar þær enduðu í 2 sæti. Þær gerðu frábært gólf, keyrðu kraftmikla dýnu og enduðu svo á flugeldasýningu á trampólíni með öll stökk lent. Með þessari framúrskarandi frammistöðu náðu þær hæstu samanlagðri einkunn sinni í vetur. Við horfum með miklum vonum til framtíðar þessara efnilegu stúlkna og hlökkum til að fylgjast með þeirra áframhaldandi framförum og árangri á fimleikavellinum þróast og ná nýjum hæðum í framtíðinni. Þetta lið var skipað af Elínu Þóru, Elísu Margréti, Emmu, Helen Maríu, Írisi Björk, Karen Leu, Katrín Mist, Lilju Þórdísi, Margréti Júlíu, Söru Maríu, Tinnu og Þóreyju Helgu.

Þjálfarar ársins í áhaldafimleikum fékk Þorgeir Ívarsson. Hann hefur sýnt mikinn metnað í þjálfun alveg frá upphafi og það skín í gegn svo mikil ástríða í hans vinnu. Hann lifir og hrærist í fimleikum, hvort sem það eru áhaldafimleikar kvenna, karla, hópfimleika eða aðrar tegundir af fimleikum þá er eiginlega klárt mál að Þorgeir sé með það á hreinu. Þorgeir er skipulagður, agaður í vinnubrögðum og nær virkilega vel til stelpnanna sem hann þjálfar. Hann gefur vel af sér en er ákveðinn og heldur góðum aga. Við erum virkilega stolt af



honum og hlökkum til að hafa hann í okkar liði næstu áratugina eða svo og fylgjast með honum blómstra í starfi og leik.

Þjálfarar ársins í hóp fimleikum fékk Rebekka Rut Stefánsdóttir. Rebekka er fædd og uppalin í Gerplu. Fyrst sem iðkandi, svo sem iðkandi og þjálfari og nú síðustu ár sem þjálfari og deildarstjóri grunn og framhaldshópa drengja og einnig hóp fimleikadeilda drengja. Rebekka hefur staðið sig mjög vel í þjálfun hópa sinna undanfarin ár og tekur mikla ábyrgð í sinni þjálfun og ut anumhaldi. Hún hugsar vel um iðkendur sína og skilar af sér góðum iðkendum.

Þjálfari ársins hjá grunn og framhaldsdeild fékk Linda Björk Árnadóttir. Hún hefur þjálfað hjá okkur í Gerplu í mörg ár og staðið sig vel. Á þessum árum sem hún er búin að vera hjá okkur hefur hún þjálfað hina ýmsu fimleikahópa. Hún hefur þjálfað stelpur frá aldrinum 5 – 13 ára í grunn- og framhaldshópum og einnig í keppnisdeild áhaldafimleika kvenna. Linda er einstaklega jákvæður og góður þjálfari, hún er skipulögð, nær vel til stelpanna og er hvetjandi. Við í Gerplu erum virkilega ánægð að hafa Lindu sem þjálfara hjá okkur og vonum að hún verði í mörg mörg ár í viðbót.

Þjálfari ársins í almennri deild fékk Rósa Benediktsdóttir. Hún hefur þjálfað hjá okkur í Gerplu í nokkur ár og hefur á þessum tíma verið frábær viðbót við starfið okkar. Rósa hefur ásamt fleirum unnið vel að uppbyggingu fimleika fyrir einstaklinga með fötlun. Einnig hefur hún verið með umsjón með æfingum fyrir fullorðna sem hefur gengið vel. Hún er samviskusöm, skipulögð og dugleg í sínu starfi. Það er augljóst að hún hefur mikinn metnað fyrir íþróttinni og var hún í sumar með yfirumsjón með sumarnámskeið Gerplu og stóð sig einstaklega vel í því hlutverki. Við í Gerplu erum virkilega heppinn að hafa hana sem þjálfara hjá okkur.

Garpur Gerplu fékk Hildur Maja Guðmundsdóttir. Hún hefur æft fimleika í Gerplu frá unga aldri, hún hefur verið í landsliði Íslands í áhaldafimleikum í ára raðir og valin í mörg landsliðsverkefni á síðustu árum. Hildur Maja varð í öðru sæti í fjölþraut á Íslandsmótinu á árinu og bikarmeistari með liði sínu í Gerplu, þar sem þær unnu með yfirburðum. Hildur Maja var síðan valin í landslið Íslands til að keppa á Norðurlandamótinu í Osló í apríl. Hún átti hreint magnað mót og sýndi hversu frábær fimleikakona hún er, hún stóð uppi sem Norðurlandameistari í fjölþraut og skrifaði sig í sögubækurnar, ásamt því vann liðið einnig Norðurlandameistaratitil. Hildur Maja bætti svo í safnið hún gerði sér svo lítið fyrir og varð



einnig Norðurlandameistari á stökki og slá. Hildur Maja keppti á Norður Evrópumóti í Dublin í september, þar varð hún í þriðja sæti í liðakeppni og komst í úrslit á tvíslá.

Sjálfboðaliði ársins var hún Stefanía Reynisdóttir. Stefanía kom í Gerplu ekki fyrir svo mörgum árum og hefur allt frá fyrsta degi látið af sér kveða í ýmsum verkefnum. Hún hefur verið ein af lykilkonum í Máttarstólpum, tekið að sér 17.júní, undirbúið sjoppuvaktir, aðstoðað við Þorabrát og síðastliðin ár hefur hún verið í forsvari fyrir fjáröflunarnefnd iðkenda Gerplu og keyrt hana áfram í þágu iðkenda. Stefanía á alltaf tíma til að leggja hönd á plóg og erum við henni afar þakklát fyrir það.

Hildur Maja Guðmundsdóttir – Sérstök viðurkenning fyrir eftirtektarverða frammistöðu á liðnu ári þar sem hún varð Norðurlandameistari í Fjölbrot, önnur íslenskra kvenna.

Thelma Aðalsteinsdóttir – Sérstök viðurkenning fyrir eftirtektarverða frammistöðu á liðnu ári þar sem hún varð Norður-evrópumeistari á öllum áhöldum sögulegur árangur mótsins frá upphafi og besti árangur keppanda á norðurevrópumóti. Thelma skrifaði sig einnig í sögubækurnar á Evrópumótinu í áhaldafimleikum sem haldið var á Rimini í byrjun maí. Hún framkvæmdi nýja æfingu á tvíslá sem mun bera nafn hennar í alþjóðlegu dómarabókinni Code of Points. Æfingin er framhringur tengt beint í framheljarstökk á efri ránni eða á fimleikamáli Weiler framhringur tengt í Comaneci heljarstökk. Æfingin fékk gildið E í dómarabókinni og verður hér eftir þekkt sem "Aðalsteinsdóttir".

Special olympic- sérstök viðurkenning fyrir þátttöku á vinamóti í Noregi

Special olympics hópurinn fór á vinamót í Lorenskog í Noregi sem ber heitið International Friendship Competition. Keppt var eftir special olympics reglum í áhaldafimleikum. Þetta var í fyrsta skipti sem Gerpla sendir keppendur til að taka þátt í þessu skemmtilega móti. Mótið spannaði yfir tvo keppnisdaga, þar sem undanúrslit og úrslit fóru fram. Þátttakendur stóðu sig virkilega vel. Gerpla sendi sjö fulltrúa til keppni en þau eru: Birkir Eiðsson, Davíð Þór Torfason, Helgi Magnússon, Magnús Orri Arnarson, Tómas Örn Rúnarsson, Elva Björg Gunnarsdóttir og Katrín Ling Yu Þórbergisdóttir.

Norðurlandamót unglunga í hópfimleikum

Í apríl fór fram Norðurlandamót unglunga í hópfimleikum sem haldið var í Lund í Svíþjóð. Þvílíkt og annað eins afrek að koma tveimur liðum á Norðurlandamót unglunga. Þetta var í



fjórða skiptið sem Gerplu hefur tekist það. Þetta var mjög skemmtilegt ferli fyrir bæði iðkendur og þjálfara. Þetta var verkefni sem var búið að vinna að í tvö ár og var hörð keppni að komast inn á þetta mót. Bikarmót í hópfimleikum var úrtökumót fyrir Norðurlandamótið og var mikil spennan á því móti þar sem að það var mjög mjótt á munum og keppnin var æsispennandi. Mót sem þetta gefur iðkendum tækifæri til að stíga sín fyrstu skref á stórmóti, þar sem þau mæta liðum frá öðrum löndum. Það var gaman að sjá hvernig allir iðkendur stóðu sig og tóku þátt í þessari ferð. Allir gáfu allt sitt, ekki bara á æfingum, heldur líka í samveru og gleði á mótinu sjálfu. Ferðin var ekki bara keppni heldur líka fullt af góðum minningum, nýjum vináttum og óteljandi brosum. Það var frábær upplifun sem mun lífga minningarnar í langan tíma.

Starfsmerki Fimleikasambandsins veitti Sólveig Jónsdóttir framkvæmdarstjóri sambandsins og þeir sem fengu starfsmerki að þessu sinni voru þau Björk Guðmundsdóttir, Elva Björg Gunnarsdóttir, Kristinn Þór Guðlaugsson og Rakel Másdóttir.



UPPSKERUHÁTIÐ ÍTK

Uppskeruhátíð ÍTK – íþróttamaður Kópavogs var haldin hátíðleg þann 8.janúar í Salnum í Kópavogi. Bæði þau Thelma Aðalsteinsdóttir og Valgarð Reinhardsson voru tilnefnd til íþróttakarls og -konu Kópavogs. Thelma gerði sér lítið fyrir og var krýnd íþróttakona Kópavogs annað árið í röð. Hún átti frábært fimleikaár 2024. Hún varð Íslandsmeistari í fjölþraut í þriðja sinn, Íslandsmeistari á stökki, slá og gólfi. Hún varð einnig bikarmeistari með liði sínu í Gerplu. Hún varð Norðurlandameistari í liðakeppni og Norðurlandameistari á gólfi. Thelma varð Norður Evrópumeistari á öllum áhöldum og hlaut annað sæti í fjölþraut. Er þetta sögulegur árangur og besti árangur keppanda frá Íslandi. Thelma keppti á Evrópumótinu á Ítalíu þar sem hún endaði í 41. sæti og var hársbreidd frá því að tryggja sig inná ólympíuleikana í París. Á Evrópumótinu framkvæmdi hún æfingu á tvíslá sem þar var nefnd eftir henni „Aðalsteinsdóttir“. Í lok árs var Thelma svo valin fimleikakona ársins hjá Fimleikasambandi Íslands.



Þær Bryndís Guðnadóttir, Guðrún Edda Sigurðardóttir ásamt Andreu Hansen fengu viðurkenningu fyrir Evrópumeistaratitil í kvennaflokki í hópfimleikum, Birgir, Helen og



Kristjana fyrir Evrópumeistaratitil í unglingaflokki í hóp fimleikum. Thelma fyrir Norður Evrópumeistaratitla og Norðurlandameistaratitla í áhaldafimleikum Hildur Maja, Lilja Katrín og Valli fyrir Norðurlandameistaratitla í áhaldafimleikum.

Viðurkenningu fyrir þátttöku á EM fengu til viðbótar þessum að ofan, Dagný Lind, Eva og Hrafnhildur Tinna í hóp fimleikum og Atli Snær, Ágúst Ingi, Dagur Kári og Martin í áhaldafimleikum.

Í flokki 13-16 ára fengu þau Birgir Hólm, Rakel Sara, Kári og Lilja Þórdís viðurkenningu fyrir góðan árangur á árinu. Glæsileg uppskera hjá Gerplufólki í kvöld enda árið búið að vera stórkostlegt. Til hamingju öll

SKÝRSLUR DEILDASTJÓRA

ÁHALDADEILD KVENNA

Byrjendahópur í áhaldafimleikum - 1 hópur

6. þrep kvenna – 5 hópar

5. þrep kvenna – 3 hópar

4. þrep kvenna – 2 hópar

3. þrep kvenna – 1 hópur

Landsreglur – 1 hópur

3. þrep – frjálsar kvenna – 2 hópar

Meistarahópur kvenna – 1 hópur

Þjálfarar deildarinnar voru í vetur 16 talsins. Helstu verkefni deildarinnar eru mót á vegum Fimleikasambands Íslands ásamt þeim vinamótum sem félögin á Íslandi bjóða upp á. Iðkendur deildarinnar náðu að keppa á eftirfarandi mótum á vegum Fimleikasambands Íslands á vetrinum: Haustmót, þrepamót I, II og III, ásamt þrepamóti í 1.-3. þrepi, Bikarmóti í þrepum, Íslandsmóti í þrepum, Vormóti í áhaldafimleikum, Bikarmóti í frjálsum æfingum og Íslandsmóti í frjálsum æfingum. Við tókum einnig þátt á eftirfarandi vinamótum, Aðventumóti Ármanns, Iceland Classic og Mínervumóti Bjarkanna. Við höfum keppt í íslenska fimleikastiganum og svo eftir nýjum reglum sem kallast Landsreglur. Við erum með einn hóp sem keppir í Landsreglum og hafa þær stúlkur keppt í þrepum



fimleikastigans á FSÍ mótum og Landsreglum á vinamótum. Landsreglur eru léttari frjálsar æfingar þar sem unnið er með styrkleika hvers og eins á áhöldunum. Frábær viðbót við áhaldafimleikana á Íslandi. Við áttum einnig fulltrúa í erlendum verkefnum landsliða Íslands á vetrinum sem kepptu á Heimsbikarmótum, Evrópumóti, Norður Evrópumóti, Smáþjóðaleikum og Norðurlandamóti unglunga. Einnig tókum við þátt á Malarcupen sem er erlent boðsmót í áhaldafimleikum haldið í Stokkhólmi. Keppendur okkar í landsliðsverkefnum voru: Hildur Maja Guðmundsdóttir, Lilja Katrín Gunnarsdóttir, Kristjana Ósk Ólafsdóttir, Ísabella Maack Róbertsdóttir, Rakel Sara Pétursdóttir og Thelma Aðalsteinsdóttir.



Sá sögulegi árangur náðist á árinu þar sem hún Thelma Aðalsteinsdóttir sigraði öll áhöld á Norður Evrópumótinu sem haldið var í Dublin ásamt því að næla sér í silfrið í fjölþraut. Algjörlega magnaður árangur hjá Thelmu sem verður seint leikið eftir. Einnig varð Íslenska liðið í 3. sæti. Liðið var skipað, Thelmu, Hildi Maju, Lilju Katrínu, Lovísu og Rakel Söru. Evrópumótið í áhaldafimleikum fór fram í Leipzig í Þýskalandi í lok maí. Gerpla átti þar sex keppendur í karla- og kvennaflokki. Keppt var í liðakeppni, fjölþraut og úrslitum á áhöldum á mótinu. Einnig var nýjung í ár þar sem var keppt í blandaðri liðakeppni þar sem stigahæsti karlinn og stigahæsta konan mynuðu lið og kepptu í mixed team final. Skemmtileg nýjung sem verið er að prófa fyrir Ólympíuleikana sem haldnir verða í LA eftir 3 ár. Það voru topp 16 þörin sem komust inn í keppnina og voru Hildur Maja og Ágúst Ingi hársbreidd frá því að komast í þá keppni. Vegna meiðsla gat Thelma eingöngu keppt á tvíslá. Hún átti frábærar



æfingar þar. Hildur Maja keppti í fjölþraut eftir að hafa verið meidd stóran hluta af keppnistímabilinu og átti hún gott mót. Gaman að sjá að hún sé að ná sér af meiðslunum. Smáþjóðaleikarnir fóru fram í Andorra í lok maí. Gerpla átti tvo keppendur í kvennaliðinu á leikunum. Í kvennaliðinu voru það Kristjana Ósk Ólafsdóttir og Rakel Sara Pétursdóttir. Kvennaliðið gerði sér lítið fyrir og fékk silfurverðlaun í liðakeppni, Kristjana Ósk varð síðan hæst af Íslensku stúlkunum í fjölþraut. Einnig var keppt til úrslita á áhöldum. Rakel Sara komst svo í úrslit á þremur áhöldum. Rakel Sara framkvæmdi tvö glæsileg stökk og uppskar silfurverðlaun.

Norðurlandamót unglunga var haldið á vormánuðum í Danmörku, Gerpla átti tvær stúlkur í liðinu þær Rakel Söru og Ísabellu Maack, þær áttu virkilega flott mót báðar tvær. Rakel komst í úrslit á stökki og gerði sér lítið fyrir og varð Norðurlandameistari. Eitt mót er eftir hjá Rakel Söru á árinu og er það Ólympíuhátið evrópuæskunnar sem haldið verður í sumar.



Sögulegur árangur náðist á Heimsbikarmótinu í Tashkent þegar Hildur Maja Guðmundsdóttir skrifaði sig í sögubækurnar og vann til fyrstu verðlauna Íslands á Heimbikarmóti. Hún fékk silfurverðlaun fyrir æfingar sínar á gólfi. Eftir erfitt keppnistímabil þar sem meiðsli settu strik í reikninginn hjá Hildi Maju á íslenska tímabilinu, náði hún sér vel á strik undir lok tímabilsins og náði þessum magnaða árangri. Hildur keppti í Tashkent á öllum áhöldum. Hún komst í úrslit á tvíslá þar sem hún náði að framkvæma glænýtt afstökk og skaust í úrslit henni að óvörum ásamt Ólympíumeistararum. Ekki amalegt að keppa í úrslitum með núverandi Ólympíumeistararum á tvíslá. Hildur átti frábæran dag í undanúrslitum á gólfi og komst inn í úrslit eftir allra keppanda. Á úrslitadegi sem var jafnframt

stórafmælisdagur þjálfarans Þorgeirs var Hildur staðráðin í að standast pressuna og næla sér í verðlaun. Hún geislaði á gólfinu og uppskar fyrstu verðlaun Íslands á Heimsbikarmóti. Frábær endir á geggjuðu tímabili hjá okkar fólki.



Keppnisferðir

Malarcupen - Stokkhólmur Svíþjóð Farið var í keppnisferð til Svíþjóðar í byrjun Nóvember 2024. Malarcupen mótið er mjög flott mót sem hefur verið haldið í 41 ár. Á þetta mót sendum við eingöngu keppendur í kvennakeppni að þessu sinni. Við vorum með 1 lið í FIG reglum og svo keppti stór hluti keppenda okkar í nýjum keppnisstiga sem heitir Future Stars. Keppt er eftir frjálsum æfingum og í aldursflokkum í FIG keppninni en opnum flokki í Future stars. Í keppninni áttum við glæsilega fulltrúa sem stóðu sig virkilega vel, sumar að keppa á sínu fyrsta móti erlendis en aðrar með örlítið meiri reynslu í pokahorninu. Eftirfarandi stúlkur kepptu á mótinu. Aníta Eik Davíðsdóttir, Alma Rún Oddsdóttir, Rakel Ásta Egilsdóttir, Hanna Ísabella Gísladóttir, Elfa María Reynisdóttir, Hekla Hákonardóttir, Kristjana Ósk Ólafsdóttir, Berglind Edda Birkisdóttir, Isabella Maack Róbertsdóttir, Margrét Dóra Ragnarsdóttir, Sólný Inga Hilmarsdóttir, Saga Ólafsdóttir. Við ljúkum þessu tímabili með bros á vör og lítum björtum augum til framtíðar, þar sem kaflaskil hafa orðið á áhaldadeildinni í vetur. Við þökkum þeim þjálfurum sem horfið hafa á braut fyrir samstarfið og hlökkum til komandi tíma með öllu okkar fólki sem ætlar að vera áfram hjá okkur næsta vetur og bjóðum nýja þjálfara hjartanlega velkomna í Gerplufjölskylduna.

Auður Ólafsdóttir, deildarstjóri áhaldafimleika kvenna

ÁHALDADEILD KARLA

Í áhaldadeild karla voru átta hópar tímabilið 2024-2025

Veturinn gekk mjög vel, góð samvinna og liðsheild á undirbúningstímabili leiddu til frábærrar uppskeru á keppnistímabili. Þessi árangur hefði ekki náðst nema fyrir frábæra óeigingjarna vinnu sem allir okkar fjórtán þjálfarar í áhaldadeild karla lögðu af mörkum.

Það var mikið af mótum bæði hér heima og erlendis og var fyrsta mótið Norður Evrópumót þar sem þeir Ágúst Ingi og Dagur Kári fóru í úrslit bæði á svífrá og tvíslá eftir frábærar æfingar.

Því næst var það heimsbikarmót í Szombathely þar sem þeir Ágúst Ingi and Dagur Kári voru aftur á ferðinni. Ágúst Ingi komst í úrslit á gólfi og tvíslá og náði besta árangri karlkeppanda frá Íslandi á heimsbikarmóti og endaði í 4.sæti á gólfi og 5.sæti á tvíslá.






Þrepamót 1 og haustmót gengu vel þar sem strákarnir unnu til fjölda verðlauna og í frjálsum æfingum vann Dagur Kári í fjölþraut.

Valgarð var valinn fimleikamaður ársins hjá Fimleikasambandi Íslands og var vel að því kominn en hann var einnig tilnefndur til íþróttakarls Kópavogs.

Eftir áramótin kepptu strákarnir á þrepamóti 2 og stóðu sig vel þar sem tveir drengir náðu 5.þrepi og fimm drengir náðu fjórða þrepi. Á þrepamóti 1.-3.þreps unnu Gerplustrákar alla titlana.



Á Iceland Classic unnu Gerpludrengir alla titla. Þetta var stærsta IC-mót frá upphafi með 700 keppendum og var það mjög skemmtilegt.

Bikarmót sem er skemmtilegasta mót ársins gekk frábærlega þar sem Gerpludrengir urðu bikarmeistarar í frjálsum æfingum, 1.þrepi, 2.þrepi og 3.þrepi og náðu jafnframt þriðja sæti í frjálsum æfingum. Þetta sýnir hvað breiddin hjá okkur í Gerplu er mikil og við erum að gera virkilega flotta hluti með strákana okkar.



Þegar kom að Íslandsmóti var engin undantekning að Gerpla vann alla titlana sem voru í boði. En við fengum nýjan Íslandsmeistara í frjálsum æfingum þar sem Atli Snær Valgeirsson kom sá og sigraði í fjölþraut og Valgarð varð annar og Dagur Kári í því þriðja. Valgarð Íslandsmeistari síðustu ár var búinn að vera glíma við meiðsli og ekki kominn á fullt þegar Íslandsmótið fór fram. Virkilega skemmtilegt og spennandi mót hjá strákunum og Atli vel að titlinum kominn.



Í unglingsflokkum drengja varð Kári Pálmason Íslandsmeistari unglings en hann sigraði með glæsibrag, Kári Hjaltason varð Íslandsmeistari í 1.þrepi, Zsombor Ferenc Kováts varð Íslandsmeistari í 2.þrepi og Ísak Þór Ívarsson var Íslandsmeistari í 3.þrepi.

Vorsýningin okkar var á sínum stað og gekk mjög vel og margir af okkar iðkendum sem eru að njóta sín þar. Norðurlandamót drengja og unglingsdrengja fór fram í Danmörku en þar átti Gerpla nokkra fulltrúa, þá Kára Pálmason, Kára Hjaltason, sem meiddist því miður og tók Eysteinn Daði Hjaltason hans sæti. Í drengjaliðinu voru það Ármann Andrason, Tómas Andri Þorgeirsson og Ísak Þór Ívarsson sem stigu sín fyrstu spor á NM og stóðu sig mjög vel. Kári Pálmason gerði sér lítið fyrir og varð Norðurlandameistari í fjölþraut, tvíslá og svifrú. Frábær árangur hjá Kára og verður spennandi að sjá hvað hann gerir á næsta tímabili.



Ísak Þór vann til bronsverðlauna á stökki, Ármann komst í úrslit á boga, hringjum og tvíslá og Tómas Andri var fyrsti varamaður inn í úrslitin á Svifrú. Virkilega flott mót hjá strákunum.


Í heildina var árið okkar mjög viðburðarríkt með fullt af flottum árangri af öllum stærðum og gerðum. Þetta ár er okkur hvatning til að æfa okkur enn betur fyrir næsta tímabil.

Alek Mohammad Ramezanpour, deildarstjóri áhaldafimleika Karla

HÓPFIMLEIKAR KVENNA

Í vetur var **5.flokkur** hópur sem samanstóð af stelpum sem fæddar eru 2016. Hópurinn var að stíga sín fyrstu skref í hóp fimleikum. Hópurinn fór í gegnum mikið af grunnæfingum til að bæta og auka færni þeirra. Aðaláherslan er samt að kveikja áhuga til framtíðar og þeim finnst gaman í fimleikum með fullt af vinkonum. Hópurinn keppti á þremur mótum yfir tímabilið. Það voru Aðventumót Ármanns, Gk mót í hóp fimleikum og Vormót í hóp fimleikum. Ekki er keppt til verðlauna í 5.flokki en fengu þær þátttökuverðun fyrir sín mót.

Í **4.flokki** kvenna voru 55 stelpur fæddar 2015 og 2014 skráðar hjá okkur á tímabilinu. Hópnum var skipt upp í þrjú mengi, lið eitt og tvö æfðu saman, lið þrjú og fjögur æfðu saman og lið fimm æfði sér. Þessi lið kepptu á þremur mótum yfir veturinn. Haustmóti, Gkmóti í hóp fimleikum og Vormóti í hóp fimleikum. Lið eitt og tvö voru í A deild. Í þeirri deild



eru þau níu lið sem lentu í níu efstu sætunum á haustmóti. Lið þrjú var í B deild og lið fjögur var í C deild. Lið fimm keppti í stökkfimi.

Við höfum lagt mikið upp úr því að allir fá æfingar við hæfi. Allur 4.flokkur æfir á sama tíma sem gerir okkur auðvelt fyrir að færa þá iðkendur til um lið eftir þörfum. Allt með það að markmiði að iðkendur fái jákvæða reynslu í sínu liði og verkefni við hæfi.

Við erum þakklát fyrir þjálfarana okkar sem héldu mjög vel utan um þennan flotta hóp. Við erum og munum alltaf reyna finna leiðir til að gera hlutina enn betur, í þjálfun, utanumhaldi og öllu því sem því fylgir að hjálpa iðkendum okkar í að vera betri, ekki bara í fimleikum heldur einnig að takast á við allskonar áskoranir sem koma upp.

Í 3.flokki voru 45 stelpur sem var skipt upp í tvö mengi. Lið eitt og tvö æfðu saman og lið þrjú og fjögur æfðu saman. Getubilið í floknum var frekar mikið, stelpur í liði eitt sem hafa æft fimleika í mjög mörg ár og komnar mjög langt í sinni fimleikaiðkun og svo stelpur sem voru að koma inn sem byrjendur. Allir iðkendur fengu æfingar við sitt hæfi og mikið lagt upp úr því að allir séu fá æfingar sem hjálpar þeim í að ná sínum markmiðum. Gerpla 1 og 2 kepptu í A deild og Gerpla 3 og 4 kepptu í stökkfimi

Í 2.flokki vorum við með flottan hóp samansettum af bæði stelpum og stráku. Við vorum með tvö kvennalið og eitt mixlið. Eins og í öllum hinum flokkunum okkar þá var getubilið mikið en við gerum allt sem við getum til að allir fái æfingar við sitt hæfi. Það var mjög vel haldið utan um allan hópinn í vetur. Annar flokkur kvenna sigraði öll mót vetrains og annar flokkur mix varð í 2. og 3.sæti á mótum vetrarins.

Í 1.flokki voru flottar stelpur sem bættu sig mjög mikið yfir tímabilið. Frammistaðan þeirra á mótum vetrarins var allskonar en þær lögðu inn vinnuna og fengu mikla reynslu í bankann og munu uppskera í framtíðinni eftir því. Liðið hefur verið að vinna vel síðustu mánuði og hafa stelpurnar verið að bæta sig jafnt og þétt. Liðið er á fullu að undirbúa sig fyrir úrtökumót fyrir Norðurlandamót unglinga sem haldið verður í Noregi í Apríl 2026.

Meistaraflokkur átti nokkuð gott ár. Hópurinn varð í 2.sæti á Bikarmóti og einnig í 2.sæti á Íslandsmótinu. Liðið stóð sig vel og var að bæta sig jafnt og þétt yfir veturinn. Liðið tryggði sér þáttökurétt á Norðurlandamót fullorðinna í hóp fimleikum sem fram fer í nóvember í Finnlandi. Liðið hefur verið að leggja mikla áherslu á að bæta gólfæfingarnar en þar hafa verið tækifæri til að hækka einkunnina mest. Það verður gaman að sjá hvernig hópurinn mætir til leiks í nóvember á Norðurlandamótið.

Árangurinn hjá liði 1 í öllum flokkum á síðasta móti vetrarins

Lið 4.flokks Gerplu varð í 1.sæti á vormótinu í maí, Gerpla varð Íslandsmeistari í 3.flokki og 2.flokki í maí, 1.flokks liðið náði ekki að vera Íslandsmeistari og meistaraflokksliðið tapaði með minnsta mun eða 0.050 þannig að árið var gott en við viljum alltaf gera betur.



Markmiðið okkar fyrir næsta ár er mjög skýrt, það er að verða sigurvegarar í öllum flokkunum sem við keppum í ásamt því að veita framúrskrandi þjónustu fyrir alla okkar iðkendur sama hvar þeir eru á sínum fimleikaferli.

Kristinn Þór Guðlaugsson, deildarstjóri hópfimleikadeildar kvenna



HÓPFIMLEIKADEILD KARLA

Hópfimleikadeild karla samanstendur af 32 drengjum, fæddum á árunum 2010 til 2015. Markmiðið er ávallt að fjölga strákum í hópfimleikum, en það getur verið krefjandi verkefni. Á keppnistímabilinu tefldi Gerpla fram þremur liðum: KKE, KKY og 2. flokk mix.

Liðin KKE og KKY æfðu saman þrisvar sinnum í viku, tvær klukkustundir í senn. Að auki fékk KKE eina aukaæfingu á viku í 90 mínútur, þar sem þeir voru með trampólínæfingu sem þeim finnst mjög skemmtileg.

KKE hefur stækkað mikið á þessu tímabili, og margir nýir strákar hófu æfingar í hópfimleikum, sem er virkilega ánægjulegt. Þar sem margir þeirra voru að stíga sín fyrstu skref í fimleikum fóru þeir mest í grunnþjálfun, en stefnt er að því að þeir taki þátt í keppni á næsta tímabili. Í KKE voru 17 strákar, allir fæddir 2012 eða síðar, og geta því keppt eitt ár enn í sama flokki. Liðið keppti á fimm mótum og sýndi miklar framfarir á tímabilinu.



KKY er skipað 8 strákum fæddum 2014 og 2015. Þeir tóku þátt í þremur stökkfimimótum, auk þess sem þeir kepptu á Huppumótinu sem er vinamót á Selfossi. Allir viðburðirnir vöktu



mikla lukku og gengu einstaklega vel. Markmiðið fyrir næsta tímabil er að liðið taki þátt á hópfimleikamóti FSÍ.

2. flokkur mix er blandað lið með bæði stelpum og strákum, þetta var í fyrsta sinn sem við setjum saman slíkt lið í yngri flokkunum. Það var virkilega skemmtilegt að fylgjast með hversu vel liðinu gekk. Í liðinu voru 7 strákar sem höfðu áður verið í KKE, og fengu nú nýjar og spennandi áskoranir. Á næsta tímabili fer liðið upp í 1. flokk, og stefnan er að mynda 1. flokks mix lið

sem ætlar að tryggja þátttökurétt á Norðurlandamóti unglunga í apríl 2026. Það verður spennandi að fylgjast með þeim á því tímabili.

Þessi blönduðu lið eru stefna sem vert er að halda áfram að þróa í yngri flokkunum. Þar sem iðkendur í karlaflokki er oftast mun færri en í kvennaflokki, skapa blönduð lið aukin tækifæri til þátttöku, þjálfunar og keppni. Ásamt því að stuðla þannig að frekari fjölbreytni og vexti innan deildarinnar.

Rebekka Rut Stefánsdóttir, deildarstjóri hópfimleikadeildar karla



FIMLEIKADEILD KARLA OG KVENNA



Í fimleikadeild æfa drengir og stúlkur á aldrinum fimm til sjö ára. Iðkendur sem voru á sínu síðasta ári í leiksskóla voru í grunnhópum 1x í viku og eru þær æfingar á laugardögum, foreldrar gátu skráð í þrjár mismunandi tímasetningar. Það var mikil eftirspurn þegar það opnaði fyrir skráningu haustið 2024 þannig að við í Gerplu ákváðum að bæta við stúlnahóp, þannig að það voru 4 stúlnahópar og 3 drengjahópar. Einnig var leiksskólinn Fífusallir með fimleikaæfingu á þriðjudögum á milli kl.13-14. Iðkendur okkar sem voru í 1. bekk voru í grunnhóp sem æfði 2x í viku og fimleikaæfingar hjá þeim voru á virkum dögum. Iðkendur í 2. bekk voru í framhaldshóp sem æfði 2x í viku og fimleikaæfingar voru einnig á virkum dögum. Foreldrar/forráðamenn gátu valið hvort æfingadagarnir væru á mánudögum og miðvikudögum eða þriðjudögum og fimmtudögum.

Í fimleikadeild stúlkna voru 15 hópar, 5 grunnhópar 1x í viku, 5 grunnhópar 2x í viku og 5 framhaldshópar 2x í viku. Í deildinni voru 12 aðalþjálfarar og 17 aðstoðarþjálfarar.

Í fimleikadeild drengja voru 11 hópar, 4 grunnhópar 1x í viku, 4 grunnhópar 2x í viku og 3 framhaldshópar 2x í viku. Í deildinni voru 8 aðalþjálfarar og 10 aðstoðarþjálfarar.

Stærsti viðburður fyrir iðkendur okkar í grunn- og framhaldshópum var Garpamót Gerplu. Við höldum Garpamót á haustönninni í lok nóvember og á vorönninni í apríl. Á Garpamótinu



sýndu iðkendur fimleikaæfingar sem þeir hafa æft á önninni, meginmarkmið mótsins er að gefa iðkendum okkar tækifæri að láta ljós sitt skína og fyrir þjálfara og deildastjóra að sjá hversu vel hefur verið staðið að þjálfun. Á vorönninni taka iðkendur einnig þátt á Vorsýningu Gerplu sem haldin er í lok maí.

Eitt mikilvægasta verkefni grunn- og framhaldsdeildar er að skapa áhugahvöt á fimleikum. Fimleikaæfingar þurfa að vera krefjandi en jafnframt skemmtilegar svo áhugi skapist á greininni. Markmið deildarinnar eru skýr.

Skapa áhugahvöt. Það á að vera gaman að æfa fimleika. Kenna góðan grunn og mynda þannig hæfni til að takast á við flóknari æfingar.

Iðkendur læri góða hegðun. Beri virðingu fyrir þjálfurum og samnemendum. Læri einnig umferðarreglur salarins.

Iðkendur skili sér upp í keppnisdeildir / almenna deild.

Sif Pálsdóttir og Rebekka Rut Stefánsdóttir, deildarstjórar fimleikadeildar kvenna og karla

ALMENN DEILD

Haustönn 2024 fór vel af stað í Almennri deild í ágúst. Deildin skiptist í Kríli, bangsa og unga sem eru yngstu börnin í félaginu, Parkour, fullorðinsfimleika og fimleika fyrir einstaklinga með fötlun.

Við byrjuðum önnina með 27 hópá. Þjálfarar í almennri deild voru í heildina 15 talsins, auk 19 aðstoðarþjálfara en flest eru þau í hlutastarfi.

Við höldum áfram með ungatímana á fimmtudögum þar sem við bjóðum börnum sem hafa ekki fengið pláss inn á leikskóla að koma í opna tíma í salnum okkar. Ungarnir hafa dafnað síðan við byrjuðum með hann. Það er að mæta í kringum 20-40 ungabörn í hvern fimmtudag í fylgd forráðamanns. Við höfum haldið aðgangseyri í lágmarki og kostar það 500kr skiptið fyrir hvert barn. Ljóst er að forráðamenn og börn njóta þess að koma í öruggt umhverfi og prufa sig áfram í hreyfingum, hvort sem þau eru að læra að skríða, taka fyrstu skrefin eða byrjuð að hoppa. Börnin fá að klifra á áhöldunum og njóta gæðastunda með sínum forráðamönnum. Forráðamenn eru líka mjög ánægð að komast í nýtt umhverfi og að hitta aðra fullorðna sem eru í svipaðri stöðu og þau sjálf.

Í almennu deildinni erum við með fjóra hópá sem keppa á fimleikamótum á vegum FSÍ. Special olympics hópurinn fór í haust til Lorenskog í Noregi sem ber heitið International Friendship Competition. Keppt var eftir Special Olympics reglum í áhaldafimleikum. Gerpla átti sjö fulltrúa á því móti sem stóðu sig virkilega vel. Hóparnir kepptu alls á þremur mótum í vetur. Tímabilið endaði á Íslandsleikunum í Special olympics þar sem allir fjórir hóparnir



kepptu, Special ol, Grunnhópur eldri, Grunnhópur yngri 1 og 2. Iðkendurnir stóðu sig vel og urðu þau Katrín Ling Yu Þórbergisdóttir og Birkir Eiðsson Íslandsmeistarar 2025.

Parkourdeildin bauð uppá 11 hóp á vetur og hefur fjöldinn haldist svipaður miðað við síðustu ár. Parkourdeildin tók þátt á Parkour Chasetag sem var virkilega skemmtileg keppni. Í þeirri keppni komu saman iðkendur úr öðrum félögum og kepptust á móti hvort öðru í svokölluðum Parkour eltingaleik. Parkourdeildin hefur gengið vel.



Kríla- og bangsahóparnir eru ennþá á sínum stað hjá okkur og voru iðkendur í kríla- og bangsahópum síðasta ár 413 talsins. Þau héldu æfingatímanum sínum á sunnudögum í klukkutíma í senn. Við vorum með fjóra krílahópa og þrjá bangsahópa í versölum, einn kríla og einn bangsa í vatnsenda. Biðlistinn er langur en

mannekla og tíminn í salnum hindra að við getum tekið fleiri iðkendur inn í þessa hóp. Höldum við áfram að vinna að lausnum til að geta fjölgað í þessum hópum.

Fullorðinsfímleikarhóparnir okkar eru tveir: GGG og Parkour. Í þessum hópum getum við reynt að ná til sem flestra þar sem áhuginn liggur að stunda heilbrigða líkamsrækt með áhugamálið sitt í forgrunni. Hafa þessir hópar gengið vel og áhuginn mikill fyrir þessum hópum.

Sömu áskoranir eru og undanfarin ár í almennu deildinni. Þessi deild er til staðar fyrir iðkendur sem vilja ekki hefðbundna keppnishópa og því þarf sífellt að leita leiða til að halda iðkendum áhugasömum með annarskonar viðburðum. Mikil áhersla er lögð á að halda iðkendum í íþróttinni og við reynum að lágmarka brottfall. Þjálfarar í þessari deild eru okkur gríðarlega mikilvægir en það eru færri þjálfarar sem brenna fyrir hópum í þessari deild, í samanburði við keppnisdeildirnar. Við metum þá þjálfara sem hjá okkur starfa, mjög mikils og við erum alltaf með opin augu fyrir áhugasömum þjálfurum til að bæta í okkar metnaðarfulla hóp. Ljóst er að með fleiri þjálfurum, gætum við tekið við fleiri iðkendum og þetta er vinna sem er í gangi allan ársins hring í almennu deildinni. Almenna deildin fer á fullt að halda 16 sumarnámskeið í sumar. Það hefur gengið vel í vetur að bæta í viðburði og skemmtileg hópefli fyrir hópana. Við kveðjum líðandi fímleikaár í deildinni, stolt af okkar vinnu og uppfyll af hugmyndum til að gera enn betur á næsta tímabili.

Bára Björt Stéfánsdóttir, deildarstjóri almennrar deildar



MÓT, VIÐBURÐIR, ÁRANGUR

Árangur Gerplu á keppnistímabilinu 2024–2025

Keppnistímabilið 2024–2025 var einstaklega árangursríkt fyrir Íþróttafélagið Gerplu. Iðkendur félagsins tóku þátt í fjölmörgum mótum bæði innanlands og erlendis og skiluðu glæsilegum árangri í öllum greinum fimleika – áhaldafimleikum, hóp fimleikum og Special Olympics.

Innanlands:

- Fjöldi bikarmeistaratitla í öllum þrepum, bæði í einstaklings- og liðakeppni.
- Gerpluiðkendur unnu til verðlauna á öllum stigum þrepakeppna, frá 5. þrepi upp í meistaraflokk.
- Sterk þátttaka í hóp fimleikum með mörgum liðum í efstu sætum í öllum flokkum.

Erlendis:

